

# Könnun á merkingarskyldum efnavörum í byggingavöruverzlunum





## Efnavöruhópur

Efnavöruhópur er samráðsvettvangur ríkis og sveitarfélaga um efnavörur. Í efnavöruhópnum sitja heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna og nokkrir starfsmenn Umhverfisstofnunar. Meðlimir hópsins eiga það sammerkt að vinna við verkefni tengd efnavöru og snýst starfsemi hópsins um flest er varðar þann málaflokk. Skipst er á upplýsingum um efnavörueftirlit og samræmingu þess. Hópurinn gerir úttektir á ýmsum efnavöruflokkum á landsvísu og kynnir niðurstöður sínar, oftast í formi skýrslna. Haldin hafa verið nokkur námskeið á vegum hópsins t.d. um flokkun og merkingu efnavara er innihalda hættuleg efni. Hópurinn tekur þátt í norrænu samstarfi og fylgist með þróun efnavörumála á heimsvísu.

Um þessar mundir taka eftirfarandi heilbrigðiseftirlit þátt í starfi hópsins:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja



Heilbrigðiseftirlit landsins eru alls 10, skiptingu þeirra milli landsvæða má sjá á mynd hér að ofan, en auk ofanefndra eru þessi:

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

## Inngangur

Byggingavöruverslanir hafa á boðstólum mikið úrval efnavöru. Meðal vöruflokka eru málningar- og múrvörur, viðarvörn, lím, bílavörur, stíflueyðar og hreinsiefni. Þorri efnavaranna er framleiddur erlendis en innlendir framleiðendur eru líka áberandi, t.d. hvað varðar málningarvörur.

Verulegt hlutfall þeirra efnavara sem fást í byggingavöruverslunum innihalda efni sem flokkast hættuleg. Sú hættu sem stafar af efnavörum er mismunandi og hættuflokkun þeirra flókin, en reglur um flokkun og merkingu efnavara eru samræmdar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Samræmingin felur í sér hagræðingu enda eiga merkingarnar þá að vera eins alls staðar á svæðinu. Hönnun þeirra miðast við að þær séu einfaldar og auðskiljanlegar og yfirleitt er gerð krafa um að textamerkingar séu á þjóðtungu viðkomandi landa<sup>1</sup>. Auk þess er gerð krafa um að á tilteknum hættuflokkuðum efnavörum sé áþreifanleg viðvörn fyrir sjónskerta og öryggislok til að tryggja öryggi barna<sup>2</sup>. Með þessum hætti er stuðlað að heilsuvernd neytenda og dregið úr hættu á slysum og mengun umhverfis.

Efnavöruhópur ákvað á fyrri hluta árs 2007 að kanna hversu vel væri staðið að öryggislokum og merkingum efnavara í byggingavöruverslunum víðs vegar um landið.

Markmið úttektarinnar var að kanna:

- merkingar efnavara í byggingavöruverslunum,
- hvort krafa um öryggislok og áþreifanlega viðvörn sé uppfyllt,
- sölu bannvara, þ.e. eiturefna annars vegar og efnavöru sem óheimil er í almennri sölu hins vegar.
- hvort öryggisblöð<sup>3</sup> á íslensku væru til staðar á sölustað.

Auk þess var markmið könnunarinnar að samræma og efla efnavörueftirlit á landinu öllu.

---

<sup>1</sup> Samanber reglugerð nr. 236/1990, um flokkun og merkingu eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni

<sup>2</sup> Samanber reglugerð nr. 155/2000 um öryggislok og áþreifanlega viðvörn

<sup>3</sup> Sjá nánar um öryggisblöð aftast í kafla um niðurstöður og umræður og í viðauka 1



Hluti efnavara inniheldur verulega hættuleg efni og röng meðhöndlun þeirra getur leitt til slysa og örorku eða jafnvel dauða. Ýmsar efnavörur geta einnig haft verulega skaðleg áhrif á umhverfið. Á alþjóðavettvangi eru því gerðar síauknar kröfur um skaðlausar efnavörur í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Þá er ekki úr vegi að benda á að réttar og nákvæmar merkingar efnavara gera neytendum kleift að velja minnst skaðlegu vöruna í hverjum flokki, sem enn dregur úr hættu á slysum og mengun af völdum varanna.

Þessi könnun var gerð í verslunum í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og á Egilsstöðum, Ísafirði, Bolungavík, Sauðárkróki og Akureyri. Flestar verslanir voru skoðaðar í Reykjavík þ.e. fimm talsins en í öðrum bæjarfélögum voru ein til tvær verslanir skoðaðar, alls 16 verslanir.

Skýrsluna unnu Einar Oddsson hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar og Sigrún Guðmundsdóttir hjá Umhverfisstofnun í samstarfi við Árna Davíðsson hjá Heilbrigðisefitliti Kjósarsvæðis. Ljósmyndir tók Hávar Sigurjónsson.



## Samantekt

1. Könnunin náði til 16 byggingavöruverslana á sjö af tíu heilbrigðiseftirlitssvæðum landsins, á tímabilinu janúar til júní 2007.
2. Kannaðir voru eftirfarandi þættir: merkingar efnavara, bannvörur, öryggislok, áþreifanleg viðvörðun og öryggisblöð.
3. Alls voru 55% þeirra vara sem skoðaðar voru rétt merktar á íslensku. Í 28% tilvika vantaði alfarið íslenskar merkingar á vörurnar eða á hluta birgða. Í 17% tilvika voru vörurnar merktar á íslensku, en á ófullnægjandi hátt.
4. Vanmerktar efnavörur fundust í öllum verslunum sem heimsóttar voru. Hlutfallið var þó afar mismunandi. Í þremur verslunum voru yfir 90% merkinga í lagi, en í versta tilvikinu voru aðeins 28% efnavaranna rétt merktar. Á heildina litið virðist hlutfall vanmerkrar vöru hækka eftir því sem verslanirnar stækka.
5. Áþreifanlega viðvörðun vantaði helst á innlendar efnavörur og vörur framleiddar utan Evrópu.
6. Öryggisblöð á íslensku voru ekki til staðar í neinni verslun sem könnunin náði til.
7. Eiturefni og bannvörur fundust í nokkrum verslunum.



## Framkvæmd könnunarinnar.

Könnunin fór fram í samræmi við gátlista og leiðbeiningar efnavöruhópsins eins og sjá má í viðauka 2. Könnunin var gerð á tímabilinu janúar - júní 2007.

Könnunin var framkvæmd á sjö heilbrigðiseftirlitssvæðum þ.e. svæðum Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og eystra, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Vöruúrvalið var afar misjafnt, í minnstu versluninni voru 18 efnavörutegundir á boðstólum en í þeirri stærstu 527. Skráðar voru allar merkingarskyldar efnavörutegundir verslananna jafnt þær sem rétt voru merktar og hinar, sem vanmerktar voru. Í einni verslun náði úttektin þó aðeins til málningarvara. Athugasemdir sem gerðar voru við merkingar byggðust á athugun á innihaldsefnum sem skráð eru á umbúðir varanna og einnig á samanburði á innlendum og erlendum varnaðarmerkingum á umbúðum. Efnavörur sem á vantaði öryggislok og áþreifanlega viðvörðun voru skráðar. Forsvarsmaður verslunar var einnig spurður um hvort öryggisblöð á íslensku fyrir hættuflokkaðar efnavörur væru fyrirliggjandi í versluninni. Efnavörur sem óheimilar eru í almennri sölu voru fjarlægðar. Ekki reyndist unnt að skoða merkingar út frá öryggisblöðum þar sem þau voru ekki til staðar og of tímafrekt að útvega þau.

Stutta samantekt varðandi löggjöf um efnavörueftirlit í byggingavöruverzlunum er að finna í viðauka 1.

## Niðurstöður og umræður

Allar tölulegar niðurstöður könnunarinnar má finna í töflu 1. Eins og sjá má í töflunni er mikill breytileiki bæði á framboði vörutegunda í verslunum og að hve miklu leyti kröfur um merkingar eru uppfylltar. Merkingar í verslunum er allt frá því að vera í lagi í 97% tilvika og niður í 28%, meðaltal fyrir allar verslanir er 55%. Vanmerktar vörur skiptast annars vegar í vörur sem eru alveg ómerktar á íslensku (20%), vantar merkingu á hluta birgða (8%), og hins vegar vörur sem merktar eru á íslensku en með ófullnægjandi hætti (17%). Tekið skal fram að í Byko á Akureyri þar sem niðurstöður voru bestar, voru eingöngu málningarvörur skoðaðar. Niðurstöðurnar segja því ekkert til um merkingar annarra vörflokka á þessum sölustað, en samkvæmt reynslu heilbrigðisfulltrúa standa innlendir framleiðendur málningarvara sig mjög vel hvað varðar varnaðarmerkingar.



Mynd 1.

Auglýsingin hér að ofan sýnir m.a. dæmigerðar varnaðarmerkingar sem þó eru ekki á íslensku.



Tafla 1. Íslenskar varnaðarmerkingar í byggingavöruverslunum.

Verslun	Fjöldi vara	merking í lagi %	Vanmerktar vörur		
			þurfa lag færingar %	vantar alfarið %	vantar á hluta birgða %
Mest, Norðlingabraut, Rvík	90	57	21	20	2
CR setrið, Vínlandsleið, Rvík	58	85	3	7	5
Húsasmiðjan, Skútuvogi, Rvík	179	29	23	34	15 <sup>4</sup>
Byko, Hringbraut, Rvík	209	41	41	13	5
Múrbúðin, Kletthálsi, Rvík	179	29	4	61	6
Húsasmiðjan, Grafarholti, Rvík	202	46	28	17	9
Bymos, Mosfellsbæ	35	91	0	9	0
Byko, Skemmuvegi, Kópavogi	561	43	37	17	3
Mest, Bæjarhrauni, Hafnarfirði	19	37	11	42	11
Húsasmiðjan, Dalshrauni, Hafnarf.	231	28	30	33	10
Bykó, Akureyri	205	97	0,5	2	1
Húsasmiðjan, Ísafirði	22	46	9	27	18
K.S. byggingavörur, Sauðárkróki	210	51	29	20	0,5
Húsasmiðjan, Egilsstöðum	37	41	41	19	0
Núpur, Ísafirði	18	94	0	0	6
Vélvirkinn, Bolungarvík	17	71	0	0	29
alls/meðaltal	2272	55	17	20	8

Eftir því sem verslanirnar stækka og vöruúrvalið eykst virðist hlutfall vara sem ekki eru rétt merktar á íslensku hækka. Þær vörur, sem voru alls ómerktar á íslensku, voru undantekningalaust innfluttar vörutegundir.


<sup>4</sup> Samtöluprósentu er hærri en 100 í nokkrum verslunum, þar sem sumar vörutegundir féllu í fleiri en einn flokk.



Einstaka innfluttar vörutegundir eru varnaðarmerktar á íslensku af erlendum framleiðanda. Þó er algengast, sérstaklega á sölustöðum verslunarkeðja, að efnavörur þær sem viðkomandi fyrirtæki flytur sjálf inn, séu merktar með íslenskum merkimiða af starfsfólki á sölustað. Eins og sjá má í töflu 1 vantar í sumum tilvikum íslenska merkimiða á hluta birgða, en slíkt hlýtur að teljast óeðlilegt. Skýringin gæti verið sú að ekki séu ávallt til reiðu réttir merkimiðar í versluninni fyrir tiltekna vöru. Alla vega má ljóst vera að þessi tilhögun við merkingar er ekki fullnægjandi.

Rétt er að benda á að flestar smáu verslanirnar kaupa vörunar af íslenskum heildsölum sem sjá um varnaðarmerkingarnar. Þessar verslanir hafa því lítil sem engin áhrif á varnaðarmerkingar og önnur öryggisatriði.

## Mynd 2. Varnaðarmerkingar á íslensku, heildarmeðaltal.



Öryggislok og áþreifanleg viðvörðun fyrir blinda og sjónskerta voru yfirleitt til staðar á vörum frá evrópskum framleiðendum en all oft vantaði áþreifanlega viðvörðun á innlendar vörur. Sömu leiðis var ekki óalgengt að áþreifanlega viðvörðun vantaði á vörur framleiddar í löndum utan Evrópu.

Það er því áriðandi að innflutningsaðilar hugi að vörum sem þeir flytja inn frá löndum utan EES hvað varðar öryggislok og áþreifanlega viðvörðun og sjái ávallt til þess að slíkt sé til staðar ef við á. Jafnframt þurfa íslenskir framleiðendur að sjálfsögðu að uppfylla þessa kröfu eins og aðrir. Ekki reyndist mögulegt að gera tölulega úttekt á þessum þáttum þar sem eftirlitsaðilar túlkuðu þennan þátt á mismunandi hátt. Þessi túlkunarmunur verður skýrður í næstu samanburðarkönnun.

*Eiturefni og bannvörur* fundust í sex tilfellum. Sala á eiturefnum er háð sérstökum leyfum sem ekki voru fyrir hendi í þeim byggingavöruverslunum þar sem slíkar vörur fundust. Eiturefni eiga að vera merktar með eftirfarandi varnaðarmerki:



Mynd 3. Varnaðarmerki eiturefna

Þær vörur sem fundust og eru flokkaðar sem eituroldu voru viðvarnarefni. Dæmi um aðra bannvöru sem fannst í könnuninni var límúði er innihélt díklórmetan en það efni er óheimilt að selja í úðabrusa. Það er álit eftirlitsaðila að verulega hafi dregið úr að eiturefni og bannvara finnist í sölu á almennum markaði.

*Öryggisblöð* (MSDS) efnavara sem innihalda hættuleg efni og notuð eru í atvinnuskyni skulu vera til á íslensku<sup>5</sup>. Iðnaðarmenn og annað fagfólk á rétt á að fá öryggisblöð afhent sé þess óskað, eða fá þau send eftir rafrænum leiðum. Væntanlega hefur lítið reynt á þennan rétt, a.m.k. hafði engin þeirra 16 verslana sem könnunin náði til íslenskt öryggisblað fyrirleggjandi. Öryggisblöð þarf að uppfæra, t.d. ef löggjöf varðandi viðkomandi efnavöru er breytt eða ef skipt er um innihaldsefni í vörunni, en með notkun tölvutækni og netsins ætti að vera einfalt að hafa öryggisblöð til reiðu á skömmum tíma.

<sup>5</sup> Samanber reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð



Athugasemdir (sjá „lagfæringa er þörf“ í töflu 1) við merkingar voru af ýmsum toga. Í mörgum tilfellum var um smávægileg atriði að ræða en einnig atriði sem ekki drógu úr varnaðargildi, þ.e. þær gerðu ráð fyrir varfærnari meðhöndlun vörunnar en innihaldsefni hennar gáfu tilefni til. Í sumum tilfellum voru merkingarnar hinsvegar hreinlega rangar. Miðað við þann fjölda athugasemda sem kemur fram í töflu 1 er ljóst að oft má vanda betur til verks við merkingar. Rétt er að taka fram að þá væri réttasta leiðin að bera merkingarnar á vörunni saman við upplýsingar á öryggisblöðum (á ensku MSDS eða Material Safety Data Sheet) frá framleiðanda.

## Að lokum – hvar er þörf á úrbótum?

1. Könnunin sýnir hátt hlutfall *vanmerktra efnavara* í byggingavöruverslunum og ljóst að úrbóta er þörf. Mikilvægt er að bæði heildsalar og smásalar komi á verklagi sem tryggir að efnavörur sem innihalda hættuleg efni séu ávallt merktar á fullnægjandi hátt í samræmi við gildandi reglur.
2. Innlendir framleiðendur þurfa að sjá til þess að *ápreifanleg viðvörðun* sé ávallt til staðar á vörum ef við á. Heildsalar og innflytjendur þurfa einnig að vera á varðbergi þegar efnavörur frá löndum utan EES eiga í hlut og grípa til viðeigandi ráðstafana ef merkingum eða öryggisatriðum er áfátt.
3. Það er áhyggjuefni að *öryggisblöð* á íslensku skyldu ekki vera til staðar í neinni byggingavöruverslun og mikilvægt er að verslanir geri bragarbót á því hið fyrsta.
4. Mikilvægt er að *bannvörur* séu ekki í almennri sölu.

Heilbrigðiseftirlit sinnir eftirliti með merkingum efnavara á almennum markaði og veitir þannig ábyrgðaraðilum nauðsynlegt aðhald með því að gera kröfur í samræmi við lög og reglugerðir. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að stöðugt efnavörueftirlit er nauðsynlegt.

Ráðgert er að sambærileg könnun verði endurtekin í byggingavöruverslunum eftir um það bil þrjú ár. Þannig má meta umbætur á sviði varnaðarmerkinga.



## Viðauki 1

### Löggjöf er varðar efnavörur í byggingavöruverslunum

Löggjöf um hættuleg efni og efnavörur er umfangsmikil. Helstu lög sem snerta þennan mála- flokk eru lög nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni. Helstu reglugerðir sem varða efnavörur í byggingavöruverslunum eru þrjár þ.e.:

#### ***Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum***

Megintilgangur reglugerðarinnar er að vernda notendur hættuflokkaðrar efnavöru og stuðla að rétttri meðhöndlun hennar að notkun lokinni og draga þannig m.a. úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Reglugerðin skilgreinir hvaða vörur teljast hættulegar. Gefnar eru forsendur fyrir hættuflokkun efna sem síðan nýtast sem grundvöllur fyrir hættuflokkun vörutegunda og merkingar þeirra. Í fylgiskjöllum/viðaukum reglugerðarinnar (nr. 1 og 1a) er listi yfir eiturefni og hættuleg efni. Ef efni flokkast samkvæmt reglugerðinni skulu merkingar vera á íslensku í samræmi við hana.

#### ***Reglugerð nr. 155/2000 um öryggislok og áþreifanlega viðvörðun***

Tilteknar vörur eiga að vera búnar öryggislokum sem börn geta ekki opnað og/eða áþreifanlegri viðvörðun fyrir blinda og sjónskerta. Þetta á einungis við um vörur sem seldar eru til almennings.

#### ***Reglugerð nr. 1027/2005 um öryggisblöð***

Þeir sem nota efnavörur í atvinnuskyni eiga rétt á öryggisblöðum á íslensku fyrir efnavörur sem innihalda hættuleg efni. Öryggisblöð eru í 16 liðum þar sem fram koma meðal annars upplýsingar um hættuleg innihaldsefni vörunnar, eiginleika þeirra, hættuflokkun, varúðarmerking og leiðbeiningar um förgun efnanna. Iðnaðarmenn og aðrir fagaðilar sem kaupa vörur í byggingavöruverslunum eiga því rétt á að fá öryggisblöðin afhent þar. Til hagræðis geta seljendur efnavöru sent íslensk öryggisblöð rafrænt ef slíkt hentar viðskiptavinum þeirra.



## **Verslun með efnavörur og reglur um ábyrgðaraðila**

Verslun með efnavörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni er starfsleyfisskyld starfsemi samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

### **Sala eiturefna**

Um leyfi til sölu eiturefna gilda lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Verslanir geta sótt um leyfi til þess að selja eiturefni til umhverfisráðuneytis.

### **Ábyrgðaraðilar**

Í 20. gr. reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun og merkingu hættulegra efna segir: „*Innlendur framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili er ábyrgur fyrir því að umbúðir fyrir eiturefni, hættuleg efni eða vörur sem innihalda slík efni séu merktar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, áður en vörunni er dreift til sölu eða notkunar. Þá er söluaðila óheimilt að selja ofangreindar vöruhegundir, ef umbúðir eru vanmerktar.*”

Í 2. gr. reglugerðar nr. 1027/2005 um öryggisblöð segir: „*Sá sem afhendir efni eða efnavöru sem fellur undir reglugerð þessa, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal láta viðtakanda sem notar efnið eða efnavöruna í atvinnuskyni í té öryggisblöð með upplýsingum sem greinir í 3 gr. Öryggisblöðin skulu vera á íslensku, dagsett og þau skal afhenda án endurgjalds.*”



## Viðauki 2:

### Könnunarleiðbeiningar og gátlisti

#### Yfirlit yfir varnaðarmerki á efnum og efnavörum.

Varnaðarmerki eru 10 talsins og í sumum tilfellum er gerð krafa um fleiri en eitt merki á tiltekinni efnavöru eða vörutegund.

*Eitur (T) og Sterkt eitur (Tx): Þessi efni eru ekki leyfð í almennri sölu. Sérstök leyfi þarf til að selja, kaupa og nota eiturefni.*

*Hættulegt heilsu (Xn): Efni sem geta haft heilsuspillandi áhrif við langvarandi notkun eða í eitt skipti í miklum styrk. Hættusetningar útskýra nánar í hverju hættan felst. Í þessum flokki eru ýmis rokgjörn leysiefni sem finnast gjarnan í olíuvörum. Sem dæmi má nefna terpentínu.*

*Ætandi (C): Efni sem valda alvarlegum skaða við beina snertingu. Sem dæmi má nefna ýmis sterk hreinsiefni, uppbvottavélaefni og stíflueyða, til dæmis vítissóða.*

*Ertandi (Xi): Efni sem geta valdið ertingu, roða og sviða í húð, augum eða öndunarfarum, einkum við langvarandi eða endurtekna notkun. Mörg þvotta- og hreinsiefni eru í þessum flokki.*

*Eldfim: Eldfimum efnum er skipt í þrjá flokka eftir því hversu eldfim þau eru; afar eldfim (Fx), mjög eldfim (F) og eldfim. Efni sem falla í síðasta flokkinn (eldfim) fá ekki varnaðarmerki en eru merkt með orðinu ELDFIMT. Í þessa flokka falla t.d. mörg olíuefni og úðabrúsar sem innihalda eldfimt drifgas.*

*Sprengifim (E):* Efni sem eru varhugaverð vegna sprengihættu.

*Eldnærandi (O):* Efni sem verða sprengifim eða eldfim í blöndu með brennanlegum efnunum.

*Umhverfisskaðlegt (N):* Ýmis þrávirk efni sem safnast fyrir í lífríkinu, efni sem eru eitruð lífverum og efni sem eyða ósonlaginu. Þessum efnunum ber að farga sem spilliefnum


### Merkingar.

Til að tryggja öryggi almennings ber að merkja hættulegar efnavörur á íslensku. Merkingarnar upplýsa um þá hættu sem af efnunum stafar, þær eru leiðbeinandi um notkun og geymslu og gefa einnig upplýsingar um hvað gera skuli ef slys ber að höndum. Ávallt skal merkja hættulegar vörur með varnaðarsetningunni „Geymist þar sem börn ná ekki til“. Þær upplýsingar sem fram þurfa að koma á umbúðum eru:

- Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu
- Magn vöru
- Varnaðarmerki

Eftirfarandi þarf að vera á íslensku:

- *Nafn hættulegra efna* sem varan inniheldur; gildir þó ekki um allar efnavörur sjá 13. gr. reglugerðarinnar.
- *Merkjasetning* – Tengist varnaðarmerki. Vísar til hættunnar sem af efninu getur stafað.





- *Hættusetningar* – Útskýra nánar í hverju hættan felst.
- *Varnaðarsetningar* – Gefa leiðbeiningar um meðhöndlun, varúðarráðstafanir og viðbrögð við óhöppum.
- *Sérstakar merkingar* fyrir tiltekna vörur, sbr. fylgiskjal 6.

### Öryggislok.

Öryggislok eru ætluð á vörur sem eru seldar almenningi og eiga að gera börnum erfiðara um vik að komast í hættuleg efni. Einnig þurfa eitrefni öryggislok. Oft eru umbúðir hannaðar með sérstök öryggislok sem eru eingöngu opnanleg með ákveðnu átaki. Ýmsar umbúðir eru þannig gerðar að það þarf sérstakt áhald til að opna þær og teljast þær þá barnaöruggar. Þetta á við um hina dæmigerðu blikkmálningardós. Öryggislok skulu vera á vörum sem flokkast undir *sterkt eitur* (Tx), *eitur* (T), *ætandi* (C), og líka á vörum með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetningu H65, „Getur valdið lungnaskaða við inntöku“.

### Ápreifanleg viðvörðun.

Ápreifanleg viðvörðun er litlaus upphleyptur þríhyrningur, gjarnan límdur neðarlega á umbúðir eða greyptur í þær til að gera blindum og sjónskertum viðvart um hættu. Viðvörðunin skal vera á vörum sem flokkast sem *sterkt eitur* (Tx), *eitur* (T), *ætandi* (C), *hættulegt heilsu* (Xn), *afar eldfimt* (Fx) og mjög *eldfimt* (F). Úðabrúsar sem eingöngu eru merktir með afar eldfimt (Fx) eða mjög eldfimt (F) eru undanþegnir merkingum með ápreifanlegri viðvörðun.

### Hvað er vanmerkt vara?

Augljósasta vísbendingin um vanmerкта vöru er þegar vara er merkt með varnaðarmerki eða hættusetningu en merkingarnar eru á erlendu máli. Sumar efnavörur þurfa sérmerkingar skv. reglugerð nr. 236/1990, t.d. úðabrúsar (þrýstihylki) og lím sem inniheldur sýanákrýlöt. Þörf getur verið á slíkri merkingu jafnvel þó ekki sé gerð krafa um varnaðarmerki. Í sumum löndum gilda ekki sömu reglur og hérlandis. Íslenskar merkingarreglur eru í samræmi við Evrópureglur en t.d. bandarískar merkingar eru frábrugðnar þeim evrópsku. Yfirleitt er ekki hægt að ganga úr skugga um að merkingin sé rétt eða röng út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru á umbúðum. Til þess þarf nánari upplýsingar um innihaldsefni og magn þeirra, blossamark og fleira. Hægt er að krefja framleiðanda / innflytjanda um slíkar upplýsingar í öryggisblöðum (MSDS: Material Safety Data Sheet).





### Dæmi um vanmerкта vöru:

- Vörur sem eru eingöngu með varnaðarmerkingum á erlendu tungumáli.
- Vörur, einkum frá löndum utan EES, sem eru með viðvörðunum á borð við *FLAMMABLE*, *TOXIC*, *HARMFUL*, *FATAL*. Einnig er það oft vísbending að vara frá löndum utan EES sé merkingarskyld samkvæmt reglugerðinni ef innihaldsefni eru talin upp á umbúðunum. Athugið að í USA og Kanada eru merkingarkerfin öðruvísi uppbyggð og vara sem merkt er þar þarf ekki að vera merkingarskyld hér og öfugt.
- Hættu-, varnaðar- eða merkjasetningar eru rangar eða ekki fyrir hendi.
- Athugið að almennar viðvaranir á borð við: „Keep out of the reach of children” eru einar og sér ekki sönnun þess að varan sé merkingarskyld.

### Leiðbeiningar um útfyllingu gátlista:

**Vöruheiti:** Skráið bæði rétt merktar og vanmerktar efnavörur. Dæmi: Dupli Color Spotmarker, Jotun Husvask.

**Innlendur framleiðandi eða innflytjandi:** Ef varan er flutt inn erlendis frá þarf að skrá innflytjanda. Ef varan er innlend framleiðsla þarf að skrá framleiðandann.

### Íslenskar varnaðarmerkingar

- **í lagi:** Íslenskar varnaðarmerkingar eru til staðar á öllum vörum af tiltekinni tegund og ekki þörf á að gera athugasemdir við þær merkingar.
- **vantar alfarið:** Íslenskar varnaðarmerkingar vantar alfarið á tiltekna vöru/vörutegund
- **vantar á hluta birgða:** Merkingar vantar á hluta efnavöru af tiltekinni tegund (miða við 2 eða fleiri).
- **þurfa lagfæringar:** Íslenskar varnaðarmerkingar eru ekki í samræmi við reglugerð. Ef hættusetningar eru réttar og varnaðarsetningar að mestu leyti í lagi er máskje ekki ástæða til að krefjast lagfæringa.
- **athugasemdir:** Hvað – ef eitthvað – þarf að leiðrétta varðandi merkingarnar, stutt og hnitmiðað. *Dæmi:* Þrýstihylkjaviðvörðun vantar. Hættusetningu(ar) vantar. Röng merkjasetning.
- **öryggislok vantar:** Á almennum markaði þurfa *ætandi* vörur (C), vörur með > 3% metanól, > 1% díklórmetan eða með hættusetninguna H65 “getur valdið lungnaskaða við inntöku” öryggislok.
- **áþreifanleg viðvörðun:** Á almennum markaði þurfa vörur sem flokkast undir *ætandi* (C), *hættulegt heilsu* (Xn), *afar eldfimt* (Fx) og *mjög eldfimt* (F) að bera áþreifanlega viðvörðun. Úðabrusar sem eingöngu flokkast *afar eldfimt* (Fx) eða *mjög eldfimt* (F) eru undanþegnar merkingum með áþreifanlegri viðvörðun.
- **eitur/bannvara:** Eiturefnavörur framleiddar á EES-svæðinu eiga að bera hauskúpumerkið. Hins vegar er oft flóknara að ákvarða hvort um raunveruleg eiturefni er að ræða þegar vörurnar eru framleiddar utan EES. Þannig er ekki víst að hauskúpumerkt vara, upprunnin utan EES, flokkist



UMHVERFISSTOFNUN

sem eitur skv. okkar merkingarreglum og öfugt. Hér þarf því gjarnan að kanna innihaldsefni vörunnar og athuga hvort það falli í flokkana *eitur* eða *bannað efni* samkvæmt reglugerð. Vakin er athygli á að í reglugerð nr. 236/1990 eru sum efni bönnuð í úðabrésum þó svo að þau séu leyfð í öðrum efnavörum.

Ath. Taka þarf eiturefnavöru/bannvöru úr sölu á staðnum sé hún í almennri sölu.



**Gátlisti**

**Könnun á merkingaskyldum efnavörum í byggingarvöruverslunum**

Nafn verslunar	Heimilisfang	Verslunarstjóri/ staðgengill			Spurningar varðandi öryggisblöð:				
Dagsetning	HES	Skrásetjari			1) Eru öryggisblöð á íslensku til staðar í versluninni?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>		
Vöruheiti (skráið allar merkinga- skyldar vörur)	1. Íslenskur framleiðandi eða 2. Innflytjandi	<b>Íslenskar varnaðarmerkingar:</b>				Ath! á eingöngu við sumar efnavörur			
		í lagi	vantar alfarið	vantar á hluta birgða	þurfa lagfæringar	<i>Athugasemdir / hvað þarf að leiðrétta</i>	Öryggislok vantar	Áþreif. viðv. vantar	Eitur-/bannvara